

NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA

Aðalstræti 12
415 Bolungarvík
nave@nave.is

Fornleifaskráning í landi Kálfholts í Ásahreppi vegna deiliskipulags

Atli Rúnarsson

Maí 2024

NV nr. 14-24

 NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA		Dagsetning Mán/ár: Maí 2024
Skýrsla nr: 14-24	Verknúmer: 669	Dreifing: ☐ Opin ☐ Lokuð til: ☐ Háð leyfi verkkaupa
Upplag:	Verkstig:	
Heiti skýrslu: Fornleifaskráning í landi Kálholts í Ásahreppi vegna deiliskipulags		Unnið fyrir: Heflun hf.
Höfundur: Atli Rúnarsson		Verkefnastjóri: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir
ÚTDRÁTTUR Að beiðni Heflun hf. var gerð fornleifaskráning í landi Kálholts í Ásahreppi vegna deiliskipulags. Engar minjar voru skráðar.		
Undirskrift verkefnastjóra: MHH		Yfirlarið af:


EFNISYFIRLIT

1.	Inngangur	4
2.	Aðferðafræði	4
2.1	Tilgangur fornleifaskráninga	4
2.2	Skráning fornleifa	6
3.	Framkvæmdarvæðið	6
3.1	Saga Kálholts.....	6
4.	Niðurstöður	7
5.	Heimildaskrá.....	8
6.	Kort.....	9

1. INNGANGUR

Að beiðni Heflun hf. gerði fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða fornleifaskráningu á deiliskipulagsreit í landi Kálholts í Ásahreppi. Gert er ráð fyrir að skipta svæðinu upp í sex landskika, eða búgarða. Skipulagssvæðið er um 72ha að stærð og liggur um 800m vestan við bæjarstæði Kálholts.

Svæðið var áður skráð af Fornleifastofnun Íslands árið 2009¹ og annar hluti jarðarinnar var skráður af Fornleifafræðistofnunni árið 2003.² Engar forn-minjar fundust á svæðinu við þessar skráningar.



Mynd 1. Staðsetning skráningasvæðisins merkt með gulum punkti.

Í bréfi Minjastofnunar Íslands til Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita, dagsett 20. febrúar 2024, var sagt að „Fornleifaskráningin frá 2009 er barn síns tíma og uppfyllir ekki kröfur sem gerðar eru til fornleifaskráningar í dag. Meginreglan var sú að leitað var að fornleifum sem vísbendingar voru um í skriflegum heimildum eða vegna ábendinga heimildarmanna. Ekki var gengið skipulega um landið í leit að fornleifum. Þá voru fornleifar ekki mældar upp með stafrænum aðferðum eins og gert er í dag.“³

Vettvangsvinna fór fram þann 8.5.2024 og var unnin af Atla Rúnarssyni, fornleifafræðingi, og sá hann einnig um skýrslu- og kortagerð.

2. AÐFERÐAFRÆÐI

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en að auki var farið yfir helstu heimildir um jörðina, ss örnefnaskrá, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar. Svæðið hefur áður verið skráð og var stuðst að hluta við þá skráningu. Allir minjastaðir voru skráðir og teknir staðsetningarpunktar á hverjum stað með Trimble Juno 5 uppmælitæki. Minjastöðum var lýst og ljósmyndir teknar á hverjum stað.

2.1 Tilgangur fornleifaskráninga

Í lögum um menningarminjar nr. 80 29. Júní 2012 segir að lögin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær fyrir þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögnum, en í 16.gr. segir:

Skýlt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.

¹ Sjá: Ágústa Edwald, Jóhann Gunnarson Robin, Lís Rut Björnsdóttir, Sólveig Guðmundsdóttir Beck & Stefán Ólafsson, 2009

² Sjá: Bjarni F. Einarsson, 2003

³ Minjastofnun Íslands, bréf MÍ202402-0081/6.09/K.M.

Í 3. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

búsetulandslag, skróðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bæn húsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Í 21. grein laga um menningarminjar segir:

fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifa, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaraðilum að gera Minjastofnun Íslands viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.).

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimild er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands (24 gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausu. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókn- eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

2.2 Skráning fornleifa

Verkefnanúmeri er úthlutað af Minjastofnun Íslands og svæðið hefur verið merkt inn á vefsíðu Minjastofnunar og skýrsla skráð þar sem og minjar sem mældar voru upp. Verkefnið fékk númerið 3251 og þar á eftir eru hlaupandanúmer rannsóknarinnar, dæmi : 3251-001.

3. FRAMKVÆMDARVÆÐIÐ

3.1 Saga Kálholts

Minnst var á Kálfholt í kirknaskrá Páls Biskups frá ca. 1200⁴ og einnig í máldaga Ólafskirkju í Kálfholti frá árinu 1371⁵ og í afhendingarbréfi frá 1386, þegar séra Pontianus Ólafsson tók við Kálholtskirkju.⁶ Einnig er til skrá um það góss sem séra Pontianus tók við með Kálholtskirkju frá árinu 1398.⁷ Kálholt kom einnig fram í Vilchinsbók frá 1397⁸ og í bréfi frá 1439.⁹ Næst var minnst á Kálfholt í máldaga Nikuláskirkju í Odda á Rangárvöllum frá því um 1480, þar kom fram að kirkjan ætti í Kálfholti tvívetra gelding.¹⁰ Næst kom Kálholt fram í afhendingarbréfi frá því um 1500, þegar séra Þórður Ólafsson afhendi séra Ásmundi Jónssyni Kálholt.¹¹ Einnig var minnst á Kálholtskirkjusókn í bréfi er Ásgautur Ögmundsson seldi Narfa, prior í Skriðuklaustri, tuttugu hundruðir í jörðinni Borgarhöfn í Hornafirði.¹² Í Flóamannasögu var sagt að: „Þórey hét kona; hon var Þorvarðsdóttir. Þorfinna hét móðir hennar; hon bjó í Odda. Þorvarðr var andaðr. Þórey var at fóstri á þeim bæ, er heitir í Kálfholti.“¹³

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, sem gerð var fyrir svæðið árið 1709, var sagt að Kálholt væri kirkjustaður. Árið 1705 var jarðardýrleikinn reiknaður í 11 hundruðir en var annars óviss. Landskuld var engin því presturinn hafði jörðina fría, leigukúgildin voru einnig engin því staðarhaldarinn bar upp allan ávöxt kirkjukæygildanna og voru þau í hans ábyrgð. Kvíkfénaður voru 16 nautgripir, 140 kindur og 20 hestar. Kálholt átti reka í Þykkvabæjarlandi og engjapláss í Sauðholtslandi. Tún voru sögð víða mjög þýfð með jarðföstum steinum og var því erfitt að vinna þau. Engjavegur var langur og blautur.¹⁴

Í Jarðatali Johnsens frá 1847 var sagt að prestsetrinu á Kálfholti fylgdu „4 kirkjukúgildi; það hefir sæmilega góða sumar- og vetrar-haga. Af túninu fást 140 hestar, og af útheyslægjum 60 hestar; það fóðrar í meðal-ári 5 kýr, 60 fjár fullorðið, 2 gjafarhesta og 12 útigangshross, en ef meira á að halda, verður að kaupa slægjur í Vetleifsholtsmýri. Presturinn á frí flutning yfir Þjórsá á Egilstaða ferju, og >>stakkseingi>> í Sauðholtslandi, mót beit frá Sauðholti í Kálholtslandi. Staðurinn á líka fertuga gröf í Krókslandi, og þerrivöll undir að frjálsu; sömuleiðis laxveiði í Þjórsá og fjöru fyrir Þykkvabæjarlandi, fjögurhundruð faðma tólfræð. Prófastur heldur, að jörðina mætti byggja með 1h.lsk. og 4 kúgildum. Staðar hjáleigan er byggð með 80 álna lsk., er greiðist hálf í fríðu og hálf með 2 krónum [...]“. ¹⁵

⁴ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 12. bindi, 1947-1950, bls. 7

⁵ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 3. bindi, 1947-1950, bls. 267-268

⁶ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 3. bindi, 1947-1950, bls. 394

⁷ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 3. bindi, 1947-1950, bls. 632

⁸ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 4. bindi, 1947-1950, bls. 60,71&87

⁹ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 4. bindi, 1947-1950, bls. 584

¹⁰ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 6. bindi, 1947-1950, bls. 323

¹¹ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 7. bindi, 1947-1950, bls. 453

¹² Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 7. bindi, 1947-1950, bls. 714-715

¹³ Snerpa.is, 2024

¹⁴ Árni Magnússon & Páll Vídalín, 1913-1917, bls. 360

¹⁵ J. Johnsen, 1847, bls. 52

4. NIÐURSTÖÐUR

Engar minjar fundust á skráningarsvæðinu og engar heimildir né örnefni sem bentu til þess að þar væru fornminjar að finna. Passar það einnig við skráningu Fornleifastofnunar Íslands SES. frá árinu 2009.

Þrátt fyrir að engar minjar voru sjáanlegar á yfirborði er vert að benda á að samkvæmt menningarminjalögum skal stöðva framkvæmdir samstundis ef áður óþekktar fornminjar finnast undir sverði og tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands sem mun ákvarða næstu skref.



Mynd 2. Horft vestur yfir skráningarsvæðið.

5. HEIMILDASKRÁ

- Ágústa Edwald, Jóhann Gunnarson Robin, Lís Rut Björnsdóttir, Sólveig Guðmundsdóttir Beck & Stefán Ólafsson. (2009). *Aðalskráning í Ásahreppi í Rangárvallasýslu 2006 til 2008. I. bindi*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands ses.
- Árni Magnússon & Páll Vídalín. (1913-1917). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. 1. bindi. Vestmannaeyja- og Rangárvallasýsla*. Kaupmannahöfn: S.L. Möller.
- Bjarni F. Einarsson. (2003). *Fornleifaskrá við Þjórsá vegna mats á umhverfisáhrifum Urriðafossvirkjunar. Viðauki: Viðbótarathugun vegna haugsetningar í landi Kálholts í Ásahreppi í Rangárvallasýslu*. Reykjavík: Fornleifafræðistofan.
- Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 1-16. bindi*. (1947-1950). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- J. Johnsen. (1847). *Jarðatal á Íslandi með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn: S. Trier.
- Minjastofnun Íslands. (20. febrúar 2024). Kálholt í Ásahreppi. Búgarðar. MÍ202402-0081/6.09/K.M. Reykjavík: Minjastofnun Íslands.
- Snerpa.is. (27. maí 2024). *Snerpa.is*. Sótt frá Flóamanna Saga: <https://www.snerpa.is/net/isl/floam.htm>

6. KORT




NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA
Fornleifadeild

Skýringar

 Skráningarsvæði

0 100 200 300 m



Kort af skráningarsvæðinu innan lands Kálfhólts

Mælikvarði 1:5500 Dags. 27.5.2024 Kort 1

Náttúrustofa Vestfjarða Atli Rúnarsson